

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1331**  
**komudagur 15.3.2006**

From: pall.thorhallsson@for.stjr.is [mailto:pall.thorhallsson@for.stjr.is]  
Sent: 13. mars 2006 17:24  
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Cc: skuli.gudmundsson@thjodskra.is  
Subject: Réttarstaða samkynhneigðra - lagatæknileg atriði

Sæl Elín Valdís,

í framhaldi af fundi Allsherjarnefndar á dögnum hef ég skoðað hvernig orða mætti ýmis ákvæði frumvarpsins á annan veg til þess m.a. að varðveita hugtökin "karl" og "kona".

Ef við tökum dæmi af 1. gr. frumvarpsins þá gæti b-liður orðast svo:

Karl og kona sem eru samvistum og uppfylla, eftir því sem við á, skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, geta fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá. Sama gildir um fólk af sama kyni, sbr. 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1997. Fólk í skráðri sambúð á sama lögheimili og skal upphaf hennar miðað við þann dag er beiðni er lögð fram.

11. gr. frumvarpsins gæti hljóðað svo:

Karl og kona í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þau barn saman eða von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð samfellt í eitt ár hið skemmsta. Sama gildir um sambúð fólks af sama kyni.

a-liður 16. gr. frumvarpsins gæti hljóðað svo:

Í stað orðanna "Hjón eða karl og kona sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu bæði standa" í 1. mgr. kemur: Hjón, einstaklingar í staðfestri samvist, karl og kona eða tveir einstaklingar af sama kyni sem verið hafa í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu standa saman.

Ef nefndinni líst betur á þessa útfærslu þá get ég gert tillögu um orðalag annarra ákvæða frumvarpsins.

Kær kveðja,

Páll Þ.